

365. – Stjórnarfundur LEB 20. janúar 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjárfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Ragnar Jónsson.

Jónas Sigurðsson varastjórn boðaði forföll

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 16.12.2022

Samþykkt

2. Málsókn Gráa hersins

Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB kynnti stöðu mála.

Stjórn málsóknarsjóðs GH hefur tekið ákvörðun um að senda kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli hans. Gert er ráð fyrir að greinagerð ásamt kvörtunarbréfi verði tilbúin fyrir 12. Febrúar. Í framhaldi mun öflug kynning verða hér innanlands á málinu og þá væntanlega í samstarfi við reyndan almannatengil.

3. Kjaramál

Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB kynnti stöðu mála.

Þessi dagskrárlíður er í raun samtengdur greinagerð sem verður unnin vegna kvörtunar til Mannréttindadómstólsins (sjá dagskrárlíð hér nr. 2). Þar mun væntanlega endurspeglast þau atriði í kjaramálum eldra fólks sem lífsnauðsynlegt er að bæta.

Það eru mikil vonbrigði hve lítið hefur áunnist í kjarabaráttu eldra fólks, jafnframt að verkalýðshreyfingin hafi ekki haft burði til að beita sér í þessum málaflokki við nýjustu gerð kjarasamninga.

Augljóst er að það þarf algjörlega að fara í saumana á baráttuaðferðum hingað til með gagnrýnum huga og finna nýjar og áhrifaríkar baráttuleiðir.

Mikilvægt er að fara jafnframt í breiðari umræðu þar sem kjör eldra fólks eru endurskoðuð frá grunni og er þá velferðarkerfið allt undir. Kjaramál, húsnæðismál, heilbrigðismál o.s.v.frv.

Samþykkt að formaður LEB og formaður kjaranefndar komi með tillögu um næstu skref fyrir næsta stjórnarfund sem verði haldinn eftir u.þ.b. hálfan mánuð.

4. Landsfundur LEB 2023

Formaður LEB leggur til að landsfundurinn verði haldinn í Borgarnesi 9. maí nk.

Samþykkt



LEB

Landssamband eldri borgara

5. Önnur mál

a) NSK fundar á Íslandi

Samband norrænna landssambanda eldri borgara, NSK, mun halda sinn árlega vorfund á Íslandi 3.-4. maí nk. Þann 27. janúar mun verða rafrænn undirbúningsfundur og sækja hann fulltrúar LEB sem eru formaður og varaformaður, þau Helgi Pétursson og Drífa Sigfúsdóttir.

b) VR heldur fund um húsnæðismál

VR hefur boðað formann LEB á sinn fund til að ræða um húsnæðismál eldra fólks mánudaginn 23. janúar nk.

c) LEB blaðið 2023

Ragna Getsdóttir blaðamaður hefur verið ráðinn ritstjóri og hefur hún þegar hafið störf.

d) Verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

Formaður LEB sem situr í verkefnastjórninni á von á því að tillögur verkefnastjórnarinnar sem nú eru í samráðsgátt stjórnvalda, fari fyrir alþingi fyrir lok apríl.

e) Lagabreytingar

Drífa Sigfúsdóttir sem situr í lagabreytinganefnd LEB kallar eftir lagabreytingatillögum stjórnar. Samkvæmt lögum LEB á stjórn að senda þær frá sér þegar stjórn formlega boðar til landsfundar, 6 vikum fyrir landsfund, sem er þá 28. mars miðað við landsfund 9. maí.

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði annað hvort 2. eða 3. febrúar sem fjarfundur. Nákvæmari tímasetning verði ákveðin með Jónasi í varastjórn.

Fleiragerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.12

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 2. febrúar 2023

Helgi Pétursson formaður LEB